

REGLUR UM LÆKKUN EÐA NIÐURFELLINGU FASTEIGNASKATTS

1. gr.

Fasteignaskattur, sem tekjulitlum elli- og örorkulífeyrisþegum er gert að greiða samkvæmt II. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, skal við árlega álagningu lækka eða falla niður samkvæmt viðmiðun um tekjumörk sem sveitarstjórn ákvarðar árlega í tengslum við afgreiðslu á fjárhagsáætlun fyrir viðkomandi álagningarár.

2. gr.

Til að geta átt rétt á lækkun eða niðurfellingu fasteignaskatts þarf eftirtöldum skilyrðum að vera fullnægt eftir því sem við á.

- a) að viðkomandi sé ellilífeyrisþegi, þ.e.a.s. hafa orðið 67 ára næsta ár á undan álagningarári.
- b) að viðkomandi sé örorkulífeyrisþegi, þ.e.a.s. hafa a.m.k. 75% örorku næsta ár á undan álagningarári. Einnig geta þeir sem eru úrskurðaðir 75% öryrkjar á álagningarári geta sótt um hlutfallslega lækkun frá því að örorkumat tók gildi. Sé sótt um hlutfallslega lækkun þarf viðkomandi að skila viðeigandi gögnum á skrifstofu Hvalfjarðarsveitar.
- c) að viðkomandi eigi lögheimili í Hvalfjarðarsveit og sé þinglýstur eigandi viðkomandi fasteignar og/eða geti átt rétt á vaxtabótum vegna hennar samkv. B-lið 68. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt.
- d) að viðkomandi búi sjálfur í íbúðarhúsnæðinu sem staðsett sé á íbúðarsvæði skv. skipulagi og hafi ekki af því leigutekjur. Heimilt er að víkja frá þessu skilyrði, þegar eigandi dvelur á stofnun, á því ári sem viðkomandi fer á stofnun eða næsta ár á eftir, enda hafi viðkomandi ekki leigutekjur af húsnæðinu og/eða að fasteignin sé ekki nýtt af öðrum til íbúðar. Heimilt er að lækka eða fella niður álagningu fasteignaskatts v/ húsnæðis sem stendur utan hefðbundins íbúðarsvæðis skv. skipulagi, áskilið er að húsnæðið hafi A skráningu í Landskrá fasteigna og ekki sé um að ræða húsnæði sem stendur á skráðu frístundahúsasvæði.
- e) Sé aðili í óvígðri sambúð, skv. skráningu í Þjóðskrá Íslands, gilda sömu reglur og um hjón sé að ræða.
- f) Þegar um hjón eða sambúðaraðila, sbr. staðflið e, er að ræða nægir að annað hjóna eða sambúðaraðili fullnægi því skilyrði að vera elli- og örorkulífeyrisþegi.
- g) Falli annar aðilinn, sem getið er í staðflið f, frá, og sá eftirlifandi uppfyllir ekki skilyrðin um aldur eða örorku, á hannrétt að því að njóta lækkunar/niðurfellingar hjóna, eða sambúðaraðila, fram að álagningu næsta árs..

3. gr.

Varðandi tekjuviðmiðanir gilda þær tekjur sem eru stofn til útreiknings tekjuskatts, útsvars og fjármagnstekjuskatts, eins og þessar tekjur voru á næsta ári á undan álagningarárinu. Miðað er við sameiginlegar tekjur hjóna og samskattaðra sambýlisaðila.

4.gr.

Framkvæmd útreiknings lækkunar eða niðurfellingar fer þannig fram að við álagningu fasteignagjalda í upphafi árs er gerður vélrænn samanburður tekna samkvæmt fyrirliggjandi skattframtali. Ekki þarf að sækja um lækkun eða niðurfellingu fasteignaskatts.

5. gr.

Reglur þessar eru settar með heimild í 4. mgr. 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar 10. janúar 2017



SVEITARSTJÓRI
Skúli Þórðarson.
Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.
Valfjarðarsveit